Nú virtist mér sem fyritaks-góð hús væru að verða almenn í þessum nýlendum. Einkum samt í Dakotanýlendum. Eg kom inn í eitt hús til bónanda í Mountain, Metúsalems Einarssonar. Það hafði kostað 5000 dollara, en óhugsanlegt að koma því upp fyrir það verð í Reykjavík. Öll nútíðarþægindi voru þar: miðstöðvarhitun, acetylen-gasljós, vatnsveita. Húsgögn öll hin prýðilegustu. En það var mér sagt, að mundi vera veglegast allra íslenzkra bændahíbýla vestan hafs. Mig minnir, að eg heyrði, að maðurinn hefði komið fyrir 15 árum til Vesturheims, bláfáfatækur. Talsími er algengur orðinn á bændabýlum í þessum nýlendum. Og sunnan landamæranna eru bændum færðar heim póstsendingar daglega ókeypis. Pegar þetta er alt fengið, fer bændastaðan að verða í meira lagi viðkunnanleg.

Glenboro heitir annað af þeim tveimur kauptúnum, sem Argylemenn hafa mest viðskifti við. Síra Friðrik Hallgrímsson tók þar á móti okkur á járnbrautarstöðinni, og flutti okkur heim til sín í vagni sínum, nokkurar mílur enskar út í nýlenduna. Kvöldið var yndislega fagurt, hestarnir fjörugir og prestur ekki annað en ástúð og glaðværð.

Prestsetrið hafa safnaðarmenn reist fyrir nokkuð mörgum árum. Litið hái, en snoturt, og heimilið að öllu fyrirtaks vistlegt. Prestkona bað okkur vera velkomna af mestu alúð, og hafði fyrirbúið okkur veizlu með ágætum réttum.

Ekki gátum við tafarlaust sezt að málteið, þó að ekki stæði á húsfreyju.

»Nú þarf eg að fara í 'gallann'«, sagði prestur, þegar hann hafði vísað okkur til sætis.

Eg skildi ekki, hvað hann átti við, og leit á hann spurnaraugum.

»Eg á við fjósfötin«, mælti hann þá. »Nú verð eg að fara að sjá um beljuna og hestana mína.«

Og hann fór fram og hafði fatað skifti í snatri.

Þau hjónin áttu fjögur ung börn, hið yngsta á 1. ári. Og þau höfðu enga aðstoð til heimilisþarfa, aðra en móður presíkonu, sem mjög var farin að heiðu. Á slíkum heimilum er erfitt að taka á móti gestum og hafa mikið fyrir þeim, eins og hér var gert. Vinnumuleysið var hið eina, sem þau kvörtuðu undan. Stúlkur verið með öllu ófáanleg um sunnar-tímann. Eg kom til þeirra síðar um haustið, og þá höfðu þau fengið stúlkur, og guldu henni 15 dollara um mánuð.

Annað virtust þau um vísindum, og sögðu, að söfnuðirnir bæru þau á höndum sér. Enda var svo að heyra á þeim safnaðarmönnum, sem eg átti tal við, sem þeir teldu það mikið lán, að hafa fengið slíkan prest.

Við vorum þar á 3. dag í miklum fagnaði. Eg flutti erindi um sjálfstæðismál Íslands á tveim stöðum í nýlendunni og heimsótti gamla kunningja.

Að Argyleförinni lokinni, héldum við suður til Dakota. Dr. Moritz Hall-dórsson í Park River létt flytja okkur í bifreið heim til sín frá járnbrautarstöðinni í Grafton, 18–20 enskar mílur, að mig minnir. Eftir því voru allar viðtökurnar þar. Mér fanst hann hafa yngst en ekki elzt, líkamlega og andlega, síðan er eg hafði farið heim til Íslands, 12 árum áður. Hann hefir jafnau átt afarannrikt við lækningar, heima fyrir og úti um allar sveitir. Sú skoðun hefir orðið ædi-almenn, og haldið sér öll þessi ár, að hjá honum sé þrautalending þeirra sjúklinga, sem ekki hafa fengið hjálp annarsstaðar, og hefir hann samt átt megnri mótsprynu að sæta, og henni stundum ekki sem drengilegastri, að því er mér skildist. Sagt var mér, að mestur svefn hans mundi um margt skeið hafa verið í vagninum á ferðalögum til sjúklinga. En ekkert hefir á honum unnið. Á því furðaði mig ekki svo mjög. Prótturinn í aettinni er vitanlega óvenjulega mikill. Hitt þótti mér meiri furðu gegna, hve mikla þekking hann hafði á ymsum vísindalegum rannsóknum nútímans, og hve mikinn skilning og áhuga hann hafði á nýjum andlegum hreyfingum. Eg skildi ekki, hve-

nær hann hefði fengið tóm til alls þess lesturs.

Eg verð að fara fljótt yfir sögur. Það liggur í augum uppi, að eg get ekki minst allra þeirra, sem sýndu mér gestristni og margvíslega góðvild. Það yrði Norðurl. of langt mál; þeir voru svo margir.

Dr. M. H. flutti okkur norður að Gardar. Þar gisti við hjá vini mínum E. H. Bergman, frænda síra Friðriks. Hann var um mörg ár einn af mestu bændum Vestur-Íslendinga, og mér var sagt, að hann væri stórefnaður maður. Hann á two sonu, sem báðir hafa verið til menta settir. Annar er búsettur í Winnipeg, og hefir lok- ið lögfraðiprófi bæði í Bandaríkjum og Canada. Hinn fæst við landsölu sunnan landamærranna, vestur í Montana, að mig minnir. Hvorugur þeirra vildi búa. Svo Bergman hefir seit jörð sína, hald- ið að eins eftir ofurlitum bletti, og reist sér þar lítið, snotturt hús í skógarjaðri. Þar hefst hann við með konu sinni og dóttur ógefnni. Mér fanst eg sjá eftir jörðinni, eins og hún kæmi mér mikil við. Mér fanst svo ánægju- legt að hugsa til þess, að þessi stórbýli, sem mundu verða talin herra- garðar í Norðurálföldunum, og komið hefir verið í rækt af svo mikilli at- orku og mannviti, yrðu, kynslóð eftir kynslóð, aðsetur íslenzka manna, og að þau mættu ekki úr ættunum ganga.

Næsti áfangastaður var að Mountain, hinu glæsilega heimili Elis Thorvalds- sonar, Austfirðings, kaupmanns og gjaldkera Pembinacauntys, eins af mesta atkvæðamönnum þar nærlandis. Og þriðji áfangastaður var að Akra, hjá síra Hans Thorgímsen. Hann er álika góður heim að sækja eins og faðir hans heitinn var og systir hans á Eyrarbakka er, og vita margir, að þá er langt jafnað. Hann er tvíkvæntur — báðar konurnar af norskum ættum — og á margt barna. Heimilið er fult af glaðværð og söng. Síra H. Th. er einhver mestur söngfrömuður með Vestur-Íslendingum. Og síðustu árin hefir hann staðið fyrir hljómléikum í sambandi við kirkjuþingin. Enskumælandi mönnum hefir fundist mikil til um þær skemtanir, og þær hafa verið Íslendingum til sæmdar.

Á þessum þrem stöðum, sem eg hefi nú nefnt, Gardar, Mountain og Akra, flutti eg erindi um sjálfstæðismál vort. Uppskera var byrjuð og annríki afarmikið. Samt voru þessar samkomur fjölsöttar. Gestirnir létu hvarvetna uppi mikinn áhuga á þessu mikilvæga þjóðmáli voru. Vestur-Íslendingar hafa sýnt það í sumar, að einlægnin hefir verið mikil í því efni.

#### Fimm menn drukna.

Það hörmulega slys vildi til á Blöndu- ñi fyrra laugardag, að þar druknuðu 5 menn. Höfsu þeir flutt H. Zöllner út á skipið »Norröna« er lá þar fyrir landi. Þetta var nálagt náttmálum, stormur var lístill en brim tölvert og níðamyrkur. Halda menn að þeir hafi róið upp á sandrif og þar hafi bátnum hvolft. Mennirnir sem druknuðu hétu Jónas Jónsson frá Blönduñi, Einar Einarsson frá Breiðavaði, Jónas Jakobsson úr Vatnsdal, Jón Jónatansson frá Mýrum og Sigurður Magnússon frá Hólabaki.

## Bækur.

**Þróðtrú og þjóðsagn- ir,** I. bindi, 1.-II. hefti. Safn hefir Oddur Björnsson, en Jónas Jónasson (þófastur) hefir búið undar prentun

Safn þetta byrjar vel og á eflaust mikla alþýðuhylli í vændum, þótt heldur sé snemt að lýsa því til hístar. Sé nokkuð að því að finna, sem út er komið, mundi það helzt vera það, að heldur margt smávegis hefir verið not- að eins og til uppfyllingar, svo sem þau fyrirbrigði, er margir með telja missýningar, misheyrnir og fl. þess háttar. En athugandi er, að torvælt er að sundurgreina og setja reglur og takmörk um hvað hirða skuli og hverju hafna. Eru og flestar þesskonar frásagnir svo fáorðar að þær lengja lítið málið. Af hinum nýju köflum þessara hefta virðast frumlegastar vera sögurnar um »Sæbúa« (martröllin); munu þær flestar vera norðenzkar, þótt mjög líkist sæskrifmælasögunum, er eg hygg mergjaðastar finnist á Vestfjörðum. En þar á þjóðin enn í sjóði kynstur af kynjafræðum — eins og síra Jónas hefir bent á. Einhver fegursta og bezt sagða sagan í bindinu, er sú um »þrífkænta manninn«. Mun hún sem fleiri þess kyns siðvendis-æfintýri vera af fornri útlendri rót runnin, enn ágætlega lögud eftir landsháttum og list málssins. Mjög snoturlega er og sagt frá Eyjahólahjónunum og eins frá Brandi sterka. Yfirleitt er ekki neitt að frásogumálinu að finna, nema hvað eg hefi fundið einstaka orð og málsgreinir mér miður skiljanlegar, þótt eg nenni ekki að tína það til. Það á eitt finst mér þörf að benda, c. það er þetta: þegar menn safna síkum fróðleik, ættu menn einnig að safna og hirða sagnir um fyrirbrigði, sem meir eða minna hafa þótt dulkend, eða jafnvel yfirnáttúrleg, en síðar hafa orðið augljós að hafi verið sprottin af misskilningi, eða öðrum eðlilegum orsökum. Mundu þær sagnir geta orðið bæði margar og mjög eftirtektaverðar. Eins og vantrúin einatt gengur í gónur, eins gerir trúin eða ofstrúin, svo tveim megin vosa öfgarnar yfir. Allir vita hvernig hinum eldri þjóðsögum var ágæta vel tekið hér á landi sem annarsstaðar, og stóð þá vantrúin á alt andlegt og yfirnáttúrlegt á hærra stigi en nú. Því öll trú á hið æðra og yfirkennilega virðist nú fara að sama skapi vaxandi, sem materfuskoðanin fellur fremur í álti. Þessar fornu andstæðu stefnur í tilveru- og lífskoðunum skiftast ávalt á á hvörfum tímanns. Það er andinn og holdið, sem heyja sín Hjaðningavíg. En sáum tekst þar að skista rétt ljósi og skugga.

Formáli síra J. J. er prýðisvel saminn, og ætti hver skynsamur maður að kynna sér hann vel áður, eða jafnt því að hann sekkur sér niður í hina miklu tvíbytnu þjóðsagnanna. Það er og mikill kostur, að ritinu fylgir ný efnið, bygð á miklum skarpleik og lærðomi. Þó er óvist að til fullstakist að raða þar hverjum smásteini í hans rétta lag í vegnum. Í suma kaflana vanta enn mjög svo hinari betri sögur, sér í lagi drauma og vitranir, forspár og firdsýair; en til þeirra kafla hefir dularlíf Íslendinga, alla leið frá landnámstíð, getað lagt meiri og rískar til að rökki þjóðunnar, ef til vil-

Útgefandinn, herra Oddur Björnsson, á og drjugar þakkir skilið, því að hann hefir rádist í mikil og kostnaðarsamt fyrirtæki, enda mun aðalhvöt hans vera málefnið, fremur en ábatinn, því að hann er einn vor mesti alþýðumentavinur.

Matth. Jochumsson.

## Kirkjuping.

Tveir merkisprestar á Austurlandi, síra Einar Þórðarson og síra Sigurður P. Sivertsen hafa sent öllum prestum landsins og ýmsum fleiri áskorun til biskupsins og er ætlast til þess að sem flestir kjósendar í hverju prestakalli skrifit undir hana. Áskorun þessi fer fram á, að hann gangist fyrir því að haldinn verði almennur kirkjufundur, fyrir land alt, þegar á næsta sumri, til þess að ræða sjálfstjórnar- og sjálfstæðismál kirkjunnar og ákveða á hvaða grundvelli byggja skuli. Er þess óskað að biskup hlutist til um að til kirkjufundar þessa verði kosnir fulltrúar, að minsta kosti tveir fyrir hvert prófastsdæmi landsins, bæði prestar og leikmenn, að hann beitist fyrir fjársöfnun meðal safnaðanna til þess að standast kostnað af fundum þessum og leiti til alþingis 1909 um fjárvirk.

I bréfi til prestanna og annara, er þeir hafa sent þessa áskorun, gera þeir grein fyrir máli sínu á þessa leið.

Það mun algild regla um öll félög, að því meira sjálfstæði sem félagið hefir, því meiri von um þroska, framfarir og framkvæmdir innan félagsins. Þetta á ekki sízt við um kirkjufélög, og íslenzka kirkjan getur auðvitað engin undantekning verið í þessu efni.

Þetta mun hafa vakað fyrir alþingi 1903, er það setti millipinganefndina í kirkjumálum og fól henni að athuga tvær leiðir í þessu máli: Sjálfstæði og sjálfstjórn kirkjunnar sem þjóðkirkju í sambandi við ríkið og á hinn böginn horfur fyrir frjálsri kirkju án sambands við ríkið.

Fyrri leiðina rannsakaði kirkjumálanefndin og meiri hluti nefndarinnar samdi í því skyni frumvarp til laga um kirkjuþing fyrir hina íslenzku þjóðkirkju, en frumvarpið náði hvorki fylgi stjórnar né alþingis. Minni hluti nefndarinnar hallaðist að fríkirkjuleiðinni, en gaf engar bendingar um hvernig hún yrði farin, né hvernig sambandi ríkis og kirkju yrði slitið á viðunánlegan og hagkvæman hátt.

Íslenzka kirkjan er því litlu nær sjálfstæði og sjálfstjórn nú, en hún var 1903, áður en kirkjunefndin var sett.

Við lístum svo á, að þetta ástand sé eigi viðunandi fyrir kirkjuna og að eðlilegt sé, að hún sjálf hafi forgöngu þessa málss.

En kirkjuna vantar tilfínnanlega sambandslið — kirkjuþing — til þess að ræða mál sín, því reynslan hefir sýnt, að »Synodus« er með öllu ófullnægjandi.

Hins vegar ætti starfandi kirkjufélagi eigi að vera ofvaxið, að kosta síkun sambandslið t. d. annaðhvort ár, og má til samanburðar meðal annars benda á Goodtemplararegluna hér á landi, er nú um mörg ár hefir haldið fjólmenn þing annaðhvort ár og kirkja-

félag landa vorra í Vesturheimi, er heldur kirkjuþing árlega.

Ekki væri ósanngjart að ætlast til þess, að alþingi vildi styðja sílka kirkju- fundi með fjárvirk, að minsta kosti þangað til að stefnan í sjálfstjórnarmáli kirkjunnar væri ákveðin.

Við teljum og víst, að söfnuðir landsins mundu bregðast vel undir það mál að mynda með samskotum árlega kirkju- þingssjóð, er gæti staðið straum af fór tveggja fulltrúa fyrir hvert prófa- fastsdæmi á kirkjuþing annaðhvort ár.

Við höfum hugsað okkur að hrinda mætti máli þessu áleiðis, með því að halda almennan kirkjufund með kjörnum fulltrúum og væntum, að biskup landsins mundi fús á að kalla saman síkun fund, et hann vissi að vilji safnaðanna beindist í þá átt.

Hugsum við okkur meðserð málssins þannig, að undirskriftasöfnun verði flýtt sem mest og undirskriftaskjölín endursend svo tímanlega, að þau séu komin til síra S. P. Sivertsen á Hofi um áramótin. Gæti biskupinn þá, eftir að hafa fengið allar áskoranirnar í janúar eða febrúar haft hæfilegan tíma til þess að leita til alþingis og safnaðanna um fjárvirk, láta svo kjósa fulltrúa á heraðsfundum í júní og síðan boða til kirkjufundarins í júlí eða ágúst næsta sumar. Við vonum að þér séuð okkur samdóma um mál þetta og greiðið sem bezt fyrir því og að það fái góðan byr i nágrenni yðar.

Ef að þér hefðuð bendingar máli þessu til stuðnings, væri okkur kært, að þér létuð okkur þær í té bréflega.

Með ósk um að málaleitun þessi verði kirkju vorri og þjóðlifi til blessunar, kveðjum við yður.

\* \* \*

Peir eru trúmann þessir prestar. Halda að safnaðarlífið sé svo mikil og lifandi hér á landi að ekki sé að aðeins hægt að koma þessum kirkjuþingum á, heldur halda þeim uppi ár estir ár og það svo að það verði íslenzku kirkjuni til frama og til effingar andlegu lífi í landinu. Já, víst eru þeir trúmann, en kanske þeim verði þá líka estir trú sinni.

Fyrirhöfnin, til að byrja með, er auðsjánlega mjög lítil. Ekki annað en skrifa nafnið sitt undir skjal til biskupsins. Skárrí væri það líka ógreiðvikin að vilja ekki gera það. Slíkt gera flestir þegar þeir eru beðnir um það, hvort sem þeim kemur málið nokkuð við eða ekkert.

En ofurlitið meira þyrfti helzt að fylgja á estir, fáeinir aurar í sam-eiginlegan sjóð, til þess að standa straum af kostnaðinum við þessi kirkjuþing. Peir gera líka ráð fyrir þessum fjárfamlögum prestarnir. Peir eru trúmann og vonandi verður þeim að trú sinni.

Annars gera þeir ráð fyrir að þingið veiti líka fjárvirk til þessara kirkjuþinga. Og víst væri ekkert á móti því, að svo væri gert í bili, til þess að koma fótum undir þessi kirkjuþing. En hitt dylst oss ekki, að svo ætti ekki að vera til langframa. Kirkjuþingin verða miklu þýðingarmeiri ef söfnuðirnir standa straum af þeim einir. Stuðningur þjóðfélagsins ætti ekki að vera annað en bráðabirgðarstuðningur, eins og barnið er stutt, á meðan það er að læra að gagna. En sjálfstæði og sjálfstjórninni þarf ætið að

fylgja viljinn og viðleitin til þess að sjá sýrir sér sjálfur.

Norðurland kann prestunum þakkir sýrir tillögur sínar og fær ekki betur séð en að prestar landsins ættu að veita þeim öflugt fylgi.

Nú er eftir að sjá hvað þetta fylgi reynist mikið.

## Hraðskeyti frá Reykjavík.

**Stefán Stefánsson skólamoistari á Akureyri og Lárus Bjarnason lagaskólastjóri eru orðnir konungkjörnir alþingismenn.**

Prófessor Björn Ólsen hefir afsal að sér konungkjöri og þingmensku.

Berlin (hinn danski) mótmælir því harðlega að Danir samþykki fullveldi Íslands.

Þing Dana hefir ályktad að hefja réttarrannsókn út af rekstri grænlensku verzlunarinnar.

## Frá útlöndum.

Í suðaustur hluta Norðurálfunnar gerast nú mikil og merkileg tilindi og kemur »sjúki maðurinn« eða sjúkaríð (Tyrkvajeldi) við öll þau tilindi.

Austurríks-ungverska veldið hefir innlimað Bosniu og Hersegowínu. Lönd þessi eru tyrknesk skattlönd, en hafa staðið undir vernd Austurríkis síðan 1878.

Þá hefir Búlgaria brotist algerlega undan yfrráðum Tyrkja og nefnir Ferdinand Búlgarafursti sig nú keisara eða Czar yfir Búlgaríu. Lítur fremur ófriðlega út sem stendur milli Tyrkja og Búlgara út af þessu.

Þá hefir þriðja tyrkneska skattlandið, Krítey, lýst yfir því að hún sameinist Grikklandi.

Reynir nú auðsjáanlega mjög á að hin nýja og frjálslega stjórnarskipun Tyrkja fái staðist þessi áhlaup úr ýmsum áttum, en mikils um það vert að þau verði henni ekki að falli.

## Glímubók Jóhannesar.

Einhver »Ólafur farmaður« hefir skrifsað í Norðurland um glímubók Jóhannesar Jósefssonar, sem gefin var út hér í bæ í sumar á ensku, og kemst höfundur þannig að orði:

»En því miður eru myndirnar mjög slæmar, og verst sú af Jóhannesi. Kemur hið ágæta vaxtarlag og vöðvar hans þar mjög ógreinilega í ljós . . . En það er hvortveggja að myndamótin (Clichéerne) hafa verið skemd er myndirnar voru prentaðar og þær eru illa ljósmyndaðar . . . og baktjald (hefði átt að vera) grátt.«

Af því að eg tók myndirnar, vildi eg gera fáeinart athugasemdir við þennan kafla greinarinnar. Myndirnar voru alls ekki illa gerðar, sérstaklega þegar tillit er tekið til þess að það er mjög vandasamt verk að taka þess konar myndir, þar sem »Objektið« er á sífeldri hreyfingu og alt þarf að vera augnabliksmýndir, enda báru myndasýnishornin það með sér, sem send voru upp með mótnum, að þau voru skýr og góð, og jafnvel betri en vanalegt er með myndir í þessháttar bókum.

Þar ber ekkert á því, að hið ágæta vaxtarlag og vöðvar Jóhannesar kæmi ógreinilega í ljós.«

Ókunnugt er mér líska um það, að myndamótin hafi skemst á meðan á prentuninni stöð, og þori eg að fullyrða, að þau hafa verið alveg óskemd þegar það eintak var prentað, sem eg fekk.

Þá segir höf. að baktjald hefði átt að vera grátt. Þar er eg alveg á sama máli. Þau voru grá bæði tjöldin sem eg notaði við myndatökuna, að vísu voru þau ekki alveg einlit.

En getur nú greinarhöfundurinn ómögulega fundið neina aðra ástæðu til þess að myndirnar séu ekki vel skýrar? Heldur hann að það hafi enga þýdingu þegar myndir eru prentaðar á vondan pappír, með ennþá verri svertu?

Því til sönnunar má benda á, að kápan utan á bókinni var prentuð í annari prentsmiðju, og er það ólíkur frágangur hvað myndina þar snertir, af því að pappír og sverta var þar í betra lagi, því það er að minsta kosti stórt skilyrði, þegar myndabækur eru prentaðar, að svertan sé góð og pappírinn.

Eða hefir hinn viðförli »farmaður« aldrei séð illa prentaðar myndir á slæman pappír í sumum dagblöðum t.d. af merkum mönnum, þó að myndamótíð væri ágætt, og margfalt betur prentað estir því á öðrum stað.

Annað í grein þessari er mér óvið-komandi og leiði eg það því hjá mér.

Jón J. Dahlmann.

## Eftirmæli.

Pann 7. júní síðasliðinn andaðist að Staðni í Húnnavatnssýslu merkibondinn Eyjólfur Hansson. Hann var fæddur í Selhaga 28. maí 1841 og ólst upp með móður sinni Kristjönu Ólafsdóttur, systur síra Ólafs stúdents. Í uppvexti naut hann engrar fræðslu, fremur en þá var titt um börn fátæks fólks, en snemma kom í ljós hjá honum skýrleiksgáfa umfram jafnaldra hans, og á unga aldrí gerðist hann áhugasamur um bókleg fræði, einkum alþýðukveðskap og sagnaróðleik. Þegar hann komst á legg, sætti hann lagi að takast á hendur erindagerðir til annara héraða og komst þá í kynni við ýmsa merka menn. Á þeim árum kyntist hann landsháttum og aflaði sér margháttarþekkingar, er síðar kom honum að góðu haldi. Hann byrjaði búskap vorið 1874 í Efraholti í Tungusveit, fluttist þaðan eftir 2 ár að Valadal og bjó þar 15 ár og síðan 1 i Brekku. Árið 1892 keypti hann Staðn, fluttist þangað sama ár og bjó þar til dauðadags.

Árið 1881 var hann skipaður hreppstjóri í Seiluhreppi og gegndi þeiri sýslan 11 ár, hreppsnefndaroddviti var hann 5 ár frá 1883 til 1888 og sýslunefndarmaður 5 ár frá 1887 til 1892. Þótti það nýlunda, að sami maður hafði öll þessi trúnaðarstörf á hendi í þeiri sveit, þar sem jafnan hefir verið mannvil mikið. Mun þetta hafa stafað af því, að hann hafði áhuga á almenningsmálum meiri en alment gerist, og var allra manna ósérhlísnastur og fúsastur til að leggja fram lið og krafta í félagsþarfir. Auk þess vann hann hvert verk með alúð og samvirkusemi og létt, ef því var að skifta, skyldustörf sin í almenningsþarfir sitja í fyrirrumi fyrir tvíkvæntur; fyrri konu sína Herðísi Eiríksdóttur, gekk hann að eiga 28. maí 1874, en næstá hana

eftir rúm 2 ár; 28. maí 1880 kvæntist hann Guðrún Jónsdóttur, sem enn lífi Konum sinum, er báðar áttu við heilubrest að búa, reyndist hann umhyggjasumur og góður eiginmaður og spataði hvorki tíma né sé til að leita þeim bót meina sínna. Í hvorugu hjónabandi varð honum barna auðið, en hann ættleiddi dóttur fyrri konu sinnar, Margréti, konu Ólafs bóna Sveinssonar á Starrastöðum, ól upp 3 börn önnur og var þeim öllum sem umhyggjasumur faðir.

Eyjólfur heitinn var maður hreinskilinn og sagði afdráttarlaust skoðun sína á hverju máli, tryggur var hann í lund og vinfastur og vildi alt gera fyrir vini sína.

Einn af vinum hins látna.

Bruninn síðasti.

Ekki kvað það vera rétt hermt sem sagt var í Norðurlandi, að fólkid sem bjó uppi á loftinu í húsi Akureyrarverzlunar hafi haft eigur sínar óvátrygðar. Það hafði vátrygt muni sína fyrir 1000 kr. skömmu áður en brann.

Til viðbótar við frásögnina má astur geta þess, að slegið hafði verið fyrir glugga á norðurhlíð á kompunni, sem eldurinn kvíknaði í. Var og gert nokkuð áður en brann.

Brunamál þetta mun enn vera harla lítið rannsakað.

Gagnfræðaskólinn og gufuskipaferðirnar.

Eins og áður hefir verið skýrt frá, hér í blaðinu, höfðu yfir hundrað nemendur (109) sótt um inngöngu í gagnfræðaskólanum, en komu ekki nema 91. Flestir þeir sem ekki komu áttu heimili í vestursýlunum og á Vestfjörðum. Neyddust þeir til að sitja heima fyrir þá sök, að þeir áttu ekki kost á neinum skipaferðum um það leyti, sem þeir áttu að koma til skólan. Skálholt átti ekki að koma til Akureyrar sýr en þ. 8. þ. m. eða 7 dögum eftir að inntökupróf var ákveðið og viðbúið að það yrði á eftir tímanum eins og vant er í síðustu ferð. — Þetta ætti ekki að koma oftar fyrir. — Stjórn og þing ætti að hlutast til um að ferð felji að vestan til Akureyrar síðustu dagana í september eða í síðasta lagi 1—3 október. — Austan um eru oftast nægar ferðir um það leyti. Vonandi að þessi bending verði tekin til greina.

Jarðarför Hjaltalins skólameistara

fór tram á mánudaginn var þ. 26. þ. m. að viðstöddu miklu fjölmenni. Húskveðjan var haldin í stærstu kenslustótu gagnfræðaskólans; var hún og fordyri skólans tjaldar svörtu og skreytt pálmagreinum. — Á kistunni var silfurkrans haglega gerður og innan í honum silfurkjöldur. Var grafið á hann nafn hins látna, fæðingar- og dánardægur, en neðan undir því stóð: »Med pakklæti og virðingu frá kennurum og nemendum gagnfræðaskólans.«

— Síra Jónas Jónasson kennari hélt húskveðjuna í skólanum og á undan henni og eftir söng Valdemar Steffensen læknir kvæði eftir síra Matthías Jochumsson, en líkraðuna hélt sóknarpresturinn.

Eiðaskólinn.

Hið mikla hús skólans, sem getið var um í næstsíðasta blaði, (tvílyst steinsteypuhús 27 álna langt og 17 álna breit) hefur kostað 33 þúsund

## Allar tóbakstegundir

óðýrastar í tóbaks- og vindlaværzlun

Jóh. Ragúelssonar.

Hafnarstræti 35.

kr. Var það vigt 21. þ. m. með veizlu og ræðuhöldum.

Kennarastaðan við skólann er veitt Benedikt G. Blöndal búfræðiskandidat, í stað Metúsalems Stefánssonar búfræðiskandidats, er verður kennari við Hólaskóla í veturnum.

Sigurður bóksali Kristjánsson

gaf nýlega sjúkrasjóði prentara í Reykjavík 1000 kr. og var það höfðingelega gert. Mun hann hafa gert það í minningu þess að 20. þ. m. hafði hann verið bóksali í 25 ár.

## Yfirlýsing.

Pað hefir nýlega komið upp að maður, sem Sófus Gissursson heitir, hefir ferðast um í Þingeyjarsýslu og sýnt mönnum bréf, og var þar beðið um peninga handa Mr. Nisbet, starfsbróður mínum.

Hér með læt eg alla vita að þetta bréf hefir verið falsað, og að maðurinn hefir alls eigi haft myndugleika til að fara með slikt, enda hefir hann viðurkent svikraði sín. Við höfum aldrei beðið um eða látið biðja um nokkura peninga handa okkur.

Akureyri, þ. 23. okt. 1908.

Arthur Gook.

## Til viðskiftamanna.

Háttvirtir viðskiptamenn blaðsins eru beðnir að borga skuldir sínar sem fyrst.

**Sérstaklega** er skorað á þá menn, sem veitt hafa blaðinu móttöku til margra ára, án þess að borga það og án þess að endursenda það, að borga skuld sína, eða í öllu falli eitthvað í henni í bráð.

Slikt er ekki góðra manna háttur, að láta senda sér blaðið ár frá ári, en borga ekkert.

Vönduð vinna. — Nýasta tízka.



Vönduð vinna. — Nýasta tízka.

## Kálhöfuð

hvít og rauð

fást enn þá í

EDINBORG.

# Enginn maður getur lifað lengi

án þess að fá brauð. En það er afaráriðandi að brauðið sé úr góðu mjöli, vel bakað og að nægur þrifnaður hafi verið haður við bökunina. Nú gefst Eyfirðingum kostur á að afla sér margra ágætra og nærandi *norskra brauðtegunda*, sem fást, ásamt öllum venjulegum brauðum, í brauðgerðarhúsi *Guðm. P. Jónssonar* á Oddeyri, eða á útsölustöðnum hjá *Pálli Jónssyni*, Akureyri og *Davíð Ketilssyni*, Oddeyri.

50 mismunandi tegundir. Ódýrar eftir gæðum.

## Til útsolumanna

Norðurlands og  
bóksala út um land.

Hin ágæta skáldsaga

## ,EITUR'

eftir Alexander L. Kielland, sem staðið hefir undanfarið neðanmáls í Norðurlandi, er nú út komin á vandaðan pappír.

Verð 2 krónur

Útsolumenn og bóksalar fá 25 % í sölulaun.

Einstakir menn geta fengið bókina senda, með því að senda ritstjóra Norðurlands 2 kr. í peningu eða frímerkjum.

Peir útsolumenn og bóksalar, sem vilja sinna þessu, eru beðnir að senda ritstjóra Norðurlands skeytti um það sem fyrst, hve mikil þeir vilja láta senda sér, því upplagið er lítið og hætt við að bókin verði fljótt uppseld.



Ballskór og  
Ballhanskár  
nýkomið í  
Vefnaðarvöruverzlin  
*Gudmanns Efterfl.*

## Gjalddagi

á  
8. ÁRGANGI

Norðurlands

var fyrir lok október-  
mánaðar þ. á.



Allar

## saumanunnur bæjarins

ættu sem fyrst að koma í

VEFNAÐARVÖRUVERZLUN  
*GUDMANNS EFTERFL.*,  
sem nú hefir fengið mjög mikil  
úrvall af ýmsu til

## útsaums,

bar á meðal dúka

Á TEIKNAÐA  
og

Á BYRJAÐA

af ýmsum særðum og ótalmargt  
fleira.

Svipa og húfa tapaðist nýlega á brautinni frá Oddeyri út að Moldhaugum. Finnandi geri ritstjóra þessa þleðs aðvart. Fundarlaun borgast í peningu.

Eg undirskrifastur K. Valdimar Guðmundsson frá Vallholti lýsi því hér með yfir og geri mönnum kunnugt, að eg með bréfi þessu skifti um heiti á eignar- og ábýlisjörð minni Skinþúfu í Seiluhreppi.

Landeign sú er hér um ræðir var áður á tímum greind í tvö býli, Skinþúfu og Fornuvelli. Nefni eg hana hér eftir **Vallanes**, sem mér þykir bæði viðkunnanlegra og betur viðeigandi, þar sem meginhluti landsins er valllendi og hjartaskák þess Fornuvallanesið, er Héraðsvötn mynda.

Vallanesi 12. október 1908.,

K. Valdimar Guðmundsson.

## þvottakonurnar

þurfa að reyna **Bleyvatnib** og **kvillayabörkinn** sem fæst í

## Edinborg.

### Nýkomnar vörur

i verzlun

### SIG. SIGURÐSSONAR

Akureyri.

Kornvörur, allskonar.

Kaffibrauð, ótal tegundir.

Ostar: Gouda- og Mysu.

Laukur, Kartoplur.

Epli og vínber.

Skotfæri: Púður, Högl, Patronur.

Leir- og Postulínsvörur, feiknamikið úrvall.

### Karlmannalaftaðir.

### Skófatnaður.

Nýlenduvörur allskonar, svo sem: kaffi, sykur, Tóbak, chocolade, döðlur, sveskjur, fíkjur, rúsnur o. m. fl.

Hygginn kaupandi kemur fyrst

i verzlun

Sig. Sigurðssonar.

# Otto Mønsted<sup>s</sup> danska smjörliki er bezt.

## Karlmannafataefni

komu í gær með Prospero í

VEFNAÐARVÖRUVERZLUN

*Gudmanns Efterfl.*

Kvenmannsreiðföt fundust síðastliðinn sunnud. á veginum út Kræklingahlíð innan við Lónsbrúna. Réttur eigandi vitji þeirra til

RJÚPUR  
kaupir undirritaður hæsta verði  
OTTO TULINIUS

næres noget Ønske om direkte eller indirekte at paatvinge Island noget Formhunderslab". Kommissionsforslaget giver i saa Henseende formentlig alt, hvad det for Tiden under nødvendigt hensyn til de stedsindende faktiske Forhold er muligt at give. For hvad Island efter Forslaget endnu mangler i fuld statsretlig Vigtigstellung med Danmark, maa det være Fremtidens Udvikling forbeholdt at slappe de fornødne Betingelser til Beje. Forslagets § 6 giver Adgang til i saa Henseende at komme en fremtidig Udviklings Krav i Mode, og deri, at denne Paragraf ikke tillægger Althinget en Enebestemmelsesret, er det uberettiget at se nogen vrangvillig Bagtanke fra Danmarks Side.

Om man efter Kommissionsforslaget vil kalde Island en "Stat" eller ikke, er et terminologisk Spørgsmaal, hvorom der vel kan twistes og allerede er blevet twislet, men vi maa i Henhold til, hvad der i forrige Artikel anføres, anse dette Spørgsmaal for praktisk betydningsløst og orkesløst. Derimod er det ubestrideligt, at Kommissionsforslaget ikke tillægger Island Stilling som en "suveræn" Stat. Grunden hertil er øjensynlig den ganske simple, at Island for Tiden ikke kan være suverænt.

Lad os tænke os, at den videstgaaende, utvivlsomt dog i afgjort Mindretal værende Retning indenfor den islandiske Opposition sit Held med sig til at faa Forbindelsen mellem Danmark og Island opløst. Sagtens vilde da Norge strax være til Rede med Friertilbud. Saa vidt det kan bedømmes, er der imidlertid paa Island slet ingen Stemning for at blive et nært "Forbundsland". Der klages alt nu paa Island over norske Fiskeres og norske Købmænds Optreden, som ikke synes egnet til at fremkalde Ønsket hos Islænderne om en intimere Forbindelse. Dette være nu, som det vil, saa ser vi under alle Omstændigheder ikke, hvorledes en Forbindelse med Norge skalde medføre gunstigere Vilkaar for Islands Selvstændighed end Forbindelsen med Danmark.

## Nationaltidende, 25. sept. 1908 Island.

### II.

Det islandiske Forlangende om Anerkendelse som suveræn Stat støttes i første Række eller maa ikke ret beset udelukkende paa historiske Grunde. Det paataas, at den saakaldte "gamle Overenskomst" af 1262, hvorved Islænderne underkastede sig den norske Konge Haakon Haakonson, alene stiftede en ren Personalunion, der stillede Island som et "frit Forbundsland" ved Siden af Norge. I 1380 kom Norge og Island derpaa i Personalunion med Danmark. Alt, hvad der senere er sket, Norges — og Islands — Underkastelse under Danmark i 1537, Eneveldens Indsørelse paa Island 1662, Islands Bevarelse under Danmark ved Norges Afstaaelse i 1814, deu af den danske Lovgivningsmagt i 1871 givne Lov om Islands forfatningsmæssige Stilling i Riget, betegnes simpelthen som Ulovigheder, hvori Islænderne selv ikke "paa formeltretlig Maade" har samtykket, og hvoraf deres over 800 Aar gamle Retskrav ikke skal paavirkes.

Denne Betragtning blev første Gang fremsat i Midten af forrige Aarhundrede af Jon Sigurdsson og er senere af den islandiske Opposition blevet hævdet som en fast Borg. I indeverende Aar er den paa en noget overraskende Maade blevet yderligere tilspidsset og forelagt Europa i et af Redaktør Ragnar Lundborg i Upsala paa Dansk udgivet Skrift: "Islands staatsrechte Stellung von der Freistaatszeit bis in unsere Tage". Bogen har vakt stor Begejstring paa Island. Dens hele Grundbetraktnng maa imidlertid betegnes som forsejlet. Dr. Lundborg indrommer aabenhjertig i sin Fortale, at det Resultat, hvortil han er kommen, er "das gerade Gegenteil" af, hvad der hidtil udenfor Island har været den almindelige Opsattelse, grundet af danske og fremmede, navnlig tyske (Konrad Maurer) Forfattere. Det vil næppe lykkes ham hos de Kyndige at finde større Tilslutning til sine dristige Udviflinger, end Jon Sigurdsson formaaede.

I den islandiske Kommissions Betænkning har hele denne Betragtningsmaade fundet en formentlig afgørende Imødegaaelse i to Afhandlinger af Kommissionens danske Sekretær, Dr. jur. Knud Berlin, der forørvigt bebuder, at han senere vil dokumentere sin Fremstilling i et udforsligt Skrift. Han fastskaar, at Betydningen af Overenskomsten af 1262 var, at Island derved gjordes til et "Skatland", d. v. s. Biland under den norske Krone. Dette fremgaar af Overenskomstens egen Ordlyd saavel som af senere Statsakter og faktiske Kendsgerninger. Hermed er Grunden tagen bort under Fodderne paa den hele Personalunions-theori. Men selv om dette ikke var saa, selv om den islandiske Opsattelse af, hvad der skete i 1262, lod sig fastholde, er det jo en Kendsgerning, at Island gennem de siden forløbne Aarhundreder ingen Tid har indtaget en suveræn Stats Stilling. Skulde Aarhundreders Udvifling paa Statslivets Omraade ikke kunne slabe Net, hvor fandt man saa i hele Verden nu til Dags et formelt gyldigt Retsgrundlag?

De danske Medlemmer af Kommissionen har været fuldkommen enige om ikke at kunne anerkende de fra islandiske Side fremsatte historiske og statsretlige Betragtninger, men lige saa enige har de været i Ønsket om at imødekomme det islandiske Folks Krav paa national og politisk Selvstændighed "for ved dette Bidnesbyrd om det danske Folks Respekt for Nationaliteten Krav at hænge erhver Frenz paa Island for, at der fra dansk Side skulde

Nationaltidende<sup>4</sup>, 2. okt. 1908

# Alberti og Islænderne.

Fra Ísland meddeles, at den Albertiske Katastrofe utvivlsomt har havt sin særlige og store Andel i det saa uheldige Udfald af Alþingsvalgene, der fandt Sted Andendagen derefter. Af et os forevist Privatbrev fra en Dansk, som for Tiden opholder sig i Reykjavik, gengiver vi følgende:

— — — Det er ellers nydelige Esterretninger, vi faar om d'Hrr. Alberti's og J. C. Christensens Bedrifter. Telegrammerne, der indtraf her umiddelbart før Alþingsvalgene, gav Oppositionen vældig Wind i Sejlene, og Valgene bragte den en Sejr, som den næppe havde tønkt sig. Det var ikke behageligt for Danskerne her at møde de stadeske Smil og se Dannebrog blive stroget fra Flagstængerne —".

Det maa jo herved særlig erindres, at P. A. Alberti var Minister for Ísland i 2½ År, og at hans Navn staar under den reviderede islandske Forfatningslov af 1903.

des Islændere, der er værdige til at være hans Efterfolgere i Ministerposten, passer ikke. At det skete er „den sorgeligste Begivenhed i Islands senere politiske Historie“<sup>\*)</sup> og at „perfidie Angreb“ er Skyld i at „Valgresultatet er blevet saaledes, som man mindst havde ventet“, passer heller ikke. Tvertimod. Dog, det lykkedes Ritzaus Bureaus Korrespondent i Reykjavik at vildlede den danske Presse ved at give den Indtryk af at Valgmøderne forløb gunstig for Regeringen, medens det modsatte var Tilfældet.

Det som vil hænde i Vinter, naar Althinget træder sammen, er at Kommissionsforslaget vil blive vedtaget, med visse formelle Ændringer. Ingen Islænder har Ret til paa Danmarks Vegne paa Forhaand at erklære, at disse Ændringer er uantagelige. Danmark taber ikke en Brodel, hverken i Prestige eller økonomisk, ved at give efter. Det kan kun være et Tidsspørgsmaal, naar det vil give efter for et samlet islandsk Folkeønske. Dets egen Eksistens hviler jo paa Agtelsen for de smaa Nationaliteters fulde og ubeskaarne Ret. Vore døanske Frænder vil med Tiden komme til at blive stolte af de Landnamsmænd, som nu er ifærd med at tage Island i Besiddelse paany. Der er næppe for Tiden en saa rivende Udvikling og Fremgang i noget nordisk Land, som paa den gamle Ø, der i Aarhundreder har ligget i Dvale. Enhver god dansk Mand kan kun glæde sig derved. Saaledes ser den „sorgeligste Begivenhed i Islands senere politiske Historie“ ud, betragtet paa nærmere Hold.

Det er just ikke uoverkomeligt at bortrydde Uoverensstemmelserne mellem Forslagets danske og islandske Text. Vælgerne har faaet det Indtryk, at denne forskellige Affattelse var sket for at føre Vælgerne, paa begge Sider af Atlanterhavet, bag Lyset. De danske Vælgere skulde lægge en Mening i Ordene, de islandske en anden. Dette har, som naturligt er, vakt Mistanke og gjort Skade.

Dernæst har Minister Hafstein, efter at have nægtet Vælgerne al Indflydelse paa Kommissionens Sammensætning, nu erklæret, at Kommissionsforslaget maa vedtages uden ringeste Ændring eller forkastes. Forhenværende Islandsminister Alberti brugte den samme Fremgangsmaade i 1903, ved Forfatningslovens Forelæggelse.

Der er da ingen Grund til at være Sortseer. Heller ikke til at skælde Islænderne al Hæder og Ære fra saaledes som „København“ gør det idag og stille dem lige med uvidende Børn eller forbryderiske Oprørere. Slig Tale sætter kun ondt Blod. Jeg tvivler ikke paa at Danmarks og Islands Mellemværende lader sig ordne, med lidt god Villie paa begge Sider

26. September 1908.

*Jon Stefansson.*

Ovenstaaende Artikelaabenbarer et noget andet Syn paa det nu stedfundne Althingsvalg end den Artikel Prof. Finnnur Jonsson efter vor Opfordring skrev her i Bladet. Der hersker altsaa ogsaa blandt Islændere i København forskellig Opfattelse af hvilken Betydning Valgresultatet bør tillægges og først selve det nu valgte Althingsflertals Holdning, naar Althinget træder sammen, vil afgøre hvilket Syn der er det rette. Det vil da ses, om Hovedgrunden til Valgenes Udfald har været Opposition mod Minister Hafstein eller Løsrivelsesbestræbelse overfor Danmark. Spørgsmaalet bliver, om man vil lade sig noje med formelle Ændringer i Lovudkastet eller kræve nye Indrommelser fra dansk Side.

Vor Opfattelse er den, at man fra dansk Side bør afvente, hvad Ahltinget nu vil foreslaa og ikke paa Forhaand erklære enhver nok saa lille Ændring i Lovudkastet for utænkelig. Men vi mener rigtignok, at der ikke kan blive Tale om mere end formelle Ændringer. Selve Grundlaget for den hele Ordning mellem Danmark og Island maa blive som Lovudkastet. Danmark har ved dette vist et Frisind og en Forstaaelse overfor Islænderne, som ikke fra deres Side bør mødes med smaalig Prutten. Det er jo dog ikke en Studehandel, der afsluttes, men et folkeligt Mellemværende, der skal ordnes. Danmark har i denne Sag set stort paa Forholdene, det bør Islænderne ogsaa gøre.

Vilde det forresten ikke have været bedre, om Althinget var blevet sammenkaldt til en ekstraordinær Samling. Minister Hafstein kan jo dog ikke blive siddende til Februar med en saa overvældende Majoritet mod sig. Og jo længere Tid der gaar for man faar at se, hvad det ny Althing vil, jo lettere kan der skabes Mistænkeliggørelse baade paa Island og i Danmark, hvorved Losningen vanskeliggøres.

*Red.*





# 'styre.

Redaktør  
H. GRAVERSEN.

Nr. 52.

lerne dvæle ved de nuværende tunge Begivenheder og søger at bringe Trost. En Ting burde der siges, hvor alvorlige danske Mænd og Kvinder samles, nemlig dette: Vær med i det politiske Arbejde, gyd Sundhed og Idealitet i vort offentlige Liv.

H. Gr.

Dansk Folkestyre (vikt. Reform-manna) 23. sept. 1908

## Altingsvalgene paa Island.

Som det sikkert er Læserne bekendt fandt der nye Valg til Altinget paa Island Sted den 10. ds. Den særlige Interesse, der knyttede sig til disse Valg, var, at de skulde afgøre, hvorvidt Folket vilde slutte sig til Resultatet af den dansk-islandske Kommissions Arbejde i Vinter angaaende det statsretlige Forhold mellem Island og Danmark. Det er dette, hvorom hele Valgkampagnen har drejet sig, og sjældent har en Kamp været hidsigere. Man skulde have troet, at Kommissionens Forslag, der opfylder alle Islændernes gamle Krav og Ønsker uden Undtagelse og mere til, vilde være blevet modtaget med Glæde af den overvejende Del af Folket. Dette er imidlertid ikke sket. Der rejstes straks Indsigelse imod visse enkelte Punkter, særlig Bestemmelserne om de for Danmark og Island fælles Anliggender, der udelukkende skulde bero hos danske Myndigheder; Bestemmelserne herom fandt man var for vidtgaaende, at de bandt, „indlemmede“ Island i Danmark i Tid og Evighed. Skulde der imidlertid være noget Fællesskab — og ren Personalunion er alle enige om er en Umulighed — kunde Bestemmelserne ikke godt være anderledes, ligesom Island overhovedet absolut ikke kan være et suverænt Rige for sig selv i den alleregentligste Forstand (m. H. til Udenrigsstyre m.m.). Fremdeles indvendte man, at den islandske Tekst ikke var i fuld Overensstemmelse med den danske, indeholdt mere bestemte Udtryk end denne og at det maatte blive denne sidste, der i Twivlstilfælde vilde blive betragtet som gældende. Angaaende alt dette er der i Sommerens Lob hvirvet